

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Breyting á deiliskipulagi í landi Réttarholts og Árness, athafna- og gámasvæði sunnan Árness.*  
Í breytingunni felst að lóð gámasvæðis eins og hún er afmörkuð í gildandi deiliskipulagi er skipt niður í 3 lóðir. Lóð undir gámasvæði minnkar því umtalsvert en í staðinn verða til 2 nýjar iðnaðarlóðir, nr. 2 og 4 við E-götu og 1 ný lóð, nr. 6 við Suðurbraut, auk þess sem afmörkun og stærð lóða nr. 5 og 7 við Suðurbraut breytist.  
Samþykkt í sveitarstjórn 13. ágúst 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 18. desember 2014.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2014